

1872.

12. febrúar.

björtum degi hvorki á leiðinni til Íslands eða þaðan aptur, en á hinum næstu fjórum ferðum 1871 var komið við á eyjunum, tvisvar í þoku og einusinni eptir að dimmt var orðið, og er þess jafnframt getið, að það flýti fyrir ferðinni, með því eyjarnar eru í beinni leið skipsins, að leggja þar að, þegar kringumstæðurnar leyfa það.

12. febrúar.

12. Tilskipun um stofnun búnaðarskóla á Íslandi. (á Íslenzku og Dönsku).

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, bjóðum Vér og skipum fyrir á þessa leið:

1. grein.

Svo fljótt sem því verður við komið, skal stofna einn eða fleiri búnaðarskóla í hverju amti á Íslandi, sem skulu vera til fyrirmyndar um landbústjórn, jarðyrkju og fjárrækt; þar skulu og ungir menn eiga kost á að öðlast bæði þá verklegu og bóklegu menntun, sem nauðsyn er á, í þeim greinum, sem nefndar voru.

2. grein.

Dómsmálastjórnin skal gjöra hinar nákvæmari ákvarðanir um fyrirkomulag skólanna og stjórn þeirra, eptir að hún um það efni er búin að bera sig saman við amtmann þann, sem í hlut á. Þegar amtdaður býr til uppástungur þær um þetta efni, sem þörf er á, skal hann kveðja sér til ráðaneytis tvo þjóðkjörna alþingismenn, jarðyrkjufróðan mann og reyndan og hygginn bónda.

3. grein.

Til þess að borga með kostnaðinn við skóla þá, sem kunna að verða stofnaðir samkvæmt þessari tilskipun, má á ári hverju fyrst um sinn jafna niður á allar jarðir í hverju amti í mesta lagi $1\frac{1}{2}$ skilding á hvert jarðarhundrað eptir hinni nýju jarðabók.

4. grein.

1872.

12. febrúar.

Gjald þetta skal ábúandi jarðarinnar greiða, og skal sýslumaður heimta það á manntalsþingum hvert ár. Dómsmálastjórnin ákveður, hvenær fara eigi að heimta gjaldið í hverju amti.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

Ástæður fyrir lagaboði þessu.¹

Fyrir alþingi 1863² var lagt frumvarp til tilskipunar, um stofnun búnaðarskóla á Íslandi, en með því stjórnin, eins og þá var háttað fjárhagnum, sá sèr eigi fært, að fá samþykki ríkisþingsins til þeirrar fjárveitingar, sem með þurfti, varð að fresta að koma málinu lengra áleiðis fyrst um sinn (sbr. konunglega auglýsing til alþingis 31. maí 1867)³. Með því nú þessar tálmanir eru horfnar, eftir að lög um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. janúar 1871, eru útgengin, og svo fyrir þá sök, að bænarskrá kom frá alþingi 1869⁴ um styrk til að stofna fyrirmyndarþú í Húnavatnssýslu, var lagt fyrir alþingi 1871 á ný frumvarp til tilskipunar um stofnun búnaðarskóla á Íslandi; þingið ræddi síðan frumvarpið á lögboðinn hátt, og lét uppi álit sitt um það, eins og nú skal sagt.

Þingið áleit það réttara og hagfelldara, að setja orðið „landsstjórn“ í staðinn fyrir „dómsmálastjórn“ í 2. grein; annara efnisbreytinga ræð þingið ekki til, en stakk uppá nokkrum breytingum á orðfæri og orðaskipun.

Konungsfulltrúi gat þess í álitsskjali sínu, að sèr virtist ekki neitt vera því til fyrirstöðu, að landsstjórninni eða landshöfðingja yrði falið á hendur, að hafa umsjón á stofnun skólanna, o. s. frv., þegar sú stjórnarskipun kæmist á, en ef það yrði ekki bráðlega, mundi það samt vera ósk alþingis, að því yrði ekki

¹) Tíðindi frá alþingi 1871, I., 7, 10, 12, 266—282, 311—324, 512; II., 147—149, 252—255, 265—266 og 323—325.

²) Tíðindi frá alþingi 1863, I., 53—56.

³) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 427.

⁴) Tíðindi frá alþingi 1869, II., 309—310.

1872.
12. febrúar.

frestað, að láta tilskipunina koma út, þangað til þessi breyting á landsstjórninni yrði gjörð, og að 2. grein frumvarps stjórnarinnar þá hældist óbreytt.

Að áleti konungsfulltrúa mundi gjald það, sem stungið er uppá í 3. grein, reyndar nægja til þess að halda skólunum við, en ekki vera nægilegt til þess að koma þeim á fót, og konungsfulltrúa virðist því hagfellt, að heimta saman gjaldið nokkrum árum áður en skólarnir yrði stofnaðir, en með þessu móti mætti safna í sjóð til þessa, sem ámtmennirnir, eða þá amtsráðin, ef frumvarp það um sveitastjórn á Íslandi, sem lagt væri fyrir alþingi, yrði að lögum, skyldi hafa umsjón yfir; konungsfulltrúi lagði því til, að tilskipunin kæmi út svo tímanlega, að hún yrði birt á manntalsþingum á þessu ári, svo gjaldið yrði heimtað í öllum ömtum á árinu 1873.

Stjórnarráðið gat ekki fundið næga ástæðu til að taka breytingu þá til greina, sem alþing hafði stungið uppá við 2. grein frumvarpsins, vegna þess að hægt væri, þegar að því kæmi og það virtist hagfellt, að láta landsstjórnina taka við valdi því, sem dómsmálastjórninni nú væri falið á hendur í þessu tilliti; stjórnarráðið var samdóma konungsfulltrúa í því, að það væri hagfellt, að tilskipunin kæmi út sem fyrst.

Eftir að stjórnarráðið hafði gjört þá lítillægu efnisbreytingu á 3. grein frumvarpsins, að setja í stað orðanna „kostnaðinn við búnaðarskóla hvers amts“ orðin: „kostnaðinn við skóla þá, sem kunna að verða stofnaðir samkvæmt þessari tilskipun“, jafnframt og ýmsar þær breytingar á orðfæri, sem alþingi hafði ráðið til, voru teknar til greiða, lagði það til í þegnlegri skýrslu sinni um frumvarpið, að það yrði gjört að lögum.

12. febrúar

Tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl. (á Íslenzku og Dönsku) ¹.

Vér Christian hinn Níundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eftir að Vér höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vors

¹) Þessi tilskipun er einnig utlögð á Ensku og Frakknesku.